

Reykjavík, 7. febrúar 2022

Við undirritaðar fögnum þessari fyrstu aðgerðaáætlun ríkisins í málefnum hinsegin fólks. Um löngu tímabæra áætlun er að ræða og fagnaðarefni að hún hafi nú litið dagsins ljós. Að því sögðu teljum við að hana þurfi að skerpa verulega til þess að árangurinn verði viðunandi.

Gagnrýni okkar beinist einkum að eftirfarandi atriðum:

1. **Aðgerðir í skólakerfinu.** Sem sérfræðingar í hinsegin málefnum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands viljum við benda á að nú þegar eru fyrir hendi upplýsingar um líðan og stöðu hinsegin barna og ungmenna í skólakerfinu en aðgerðaáætlunin gerir einkum ráð fyrir að kanna eigi hana á, að því er virðist, almennan hátt. Þekktar eru leiðir til að draga úr þeirri sís-gagnkynhneigðarhyggju sem víðast ríkir í skólakerfinu og er rót þeirrar vanlíðanar sem við vitum að hinsegin börn og ungmenni finna fyrir þar. Því væri nær væri að beina því litla fjármagni sem varið er í málaflokkinn í framkvæmdir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og sérfræðiþekkingar sem er til staðar hérlendis. Að öðrum kosti auka fjármagn í málaflokkinn (sjá lið 3) svo hægt sé að ráðast strax í þær aðgerðir sem liggur þegar fyrir að þurfi að framkvæma.
2. **Samtvinnun – jafnrétti í víðum skilningi.** Aðgerðaáætlunin ber ekki vott um skilning á mikilvægi samtvinnunar (e. intersectionality) þar sem horft er til þeirra hópa innan mengisins hinsegin fólk sem glímur við margþætta mismunun. Má þar til að mynda nefna hinsegin flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd og fatlað hinsegin fólk. Staða hinsegin flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd hérlendis er ekki góð og mikið skortir upp á þekkingu þeirra stofnana sem eiga að þjónusta þennan hóp. Má þar til að mynda nefna Útlendingastofnun. Fatlað fólk hérlendis er með skert aðgengi að NPA þjónustu og því má búast við að fatlað hinsegin fólk eigi erfitt með að sækja sér hinsegin tengda heilbrigðisþjónustu (s.s. aðgengi að kynleiðréttingarferli) eða finna sig í samfélagi hinsegin fólks hérlendis. Þetta er eingöngu tvö dæmi um þau atriði sem markviss samtvinnun leiðir af sér. Fara þarf með heildstæðum hætti yfir alla aðgerðaáætlunina með greiningartæki samtvinnunar að leiðarljósi.
3. **Fjármögnun.** Afar litlu fé er varið í málaflokkinn. Hinsegin mál hafa legið óbætt hjá garði í áratugi og fjármagn til málaflokksins lítið og slitrótt. Það þarf því að vinna upp áratuga aðgerðaleyfi í hinsegin málum og því mikilvægt að veitt sé ríkulega til umfangsmikilla aðgerða í stað þess að bíða í fjögur ár til viðbótar. Einnig þarf að byggja upp og viðhalda sérfræðiþekkingu á hinsegin málefnum hjá þeim ríkisstofnunum sem hafa með jafnréttismál að gera s.s. Jafnréttisstofnu og ráðuneytum.

Að öðru leyti tökum við heilshugar undir afar vandaða umsögn Reykjavíkurborgar og Trans Íslands um aðgerðaáætlunina og hvetjum stjórnvöld til að taka tillit til þeirra atriða sem þar eru nefnd.

Virðingarfyllst,

Auður Magnús Auðardóttir

Auður Magnús Auðardóttir
Nýdóktor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Íris Ellenberger

Íris Ellenberger
Dósent, Menntavísindasviði Háskóla Íslands